

Fundur haldinn þriðjudaginn 30. maí 2023 kl. 13:15, haldinn í fjarfundi.

Mættir: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Þuríður Sigurðardóttir, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Guðlaug Kristinsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur ársins 2022

Farið yfir helstu niðurstöður ársreiknings ársins 2022.

Rekstrartekjur námu 4,8 millj.kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 500 þús.kr. á milli ára.

Rekstrargjöld félagsins námu 7,7 millj.kr. á árinu og er því tap á rekstri félagsins upp á 4,2 millj.kr.

Stjórn samþykkti ársreikning samhljóða og að leggja hann fyrir aðalfund.

2. Tímasetning ársfundar

Rætt um dagsetningu aðalfundar félagsins en samkvæmt samþykktum Dalagistingar ehf. ber að boða aðalfund með 14 daga fyrirvara.

Samþykkt að aðalfundur félagsins verði haldinn á skrifstofu Dalabyggðar föstudaginn 16. júní n.k. kl. 13:00.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40

Fundargerð ritaði Björn Bjarki Þorsteinsson

Þuríður Sigurðardóttir
Garðar Freyr Vilhjálmsson
Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Guðlaug Kristinsdóttir

Björn Bjarki Þorsteinsson